



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Stakkaborg

2020 – 2021



Gleði – Hreyfing - Vinátta

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Innra mat	7
2.1	Langtíma matsáætlun 2019 - 2022.....	8
2.1.1	Stutt greinargerð deildarstjóra Kattholts um starfið á síðasta ári.....	9
2.1.2	Stutt greinargerð frá deildarstjóra Undralands um starfið á síðasta ári.....	13
2.1.3	Stutt greinargerð deildarstjóra Sjónarhóls um starfið á síðasta ári.	18
3	Ytra mat	22
4	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	23
5	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	24
6	Foreldrasamvinna	25
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	26
8	Fylgigögn.....	27
8.1.1	Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	28
8.1.2	Fylgiskjal 2 – leikskóladagatal 2020 – 2021	31
8.1.3	Fylgiskjal 3 – Árshjól Stakkaborgar	32



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Leiðarljós leikskólans:

Gleði – Hreyfing – Vinátta

Við mætum til leiks á hverjum degi með gleði í hjarta og bros á vör. Við nýtum hreyfingu eins mikið og kostur er, bæði inni og úti. Í leikskólanum okkar ríkir vinátta bæði meðal starfsmanna og barna.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Síðasta skólaár var fyrsta heila skólaárið undir stjórn nýs leikskólastjóra sem tók við á vormánuðum 2019. Mikil tiltekt fór fram síðastliðið sumar innan leikskólans og var því hófst skólastarfið í haust á ákveðnum upphafsreit hjá nýjum stjórnanda. Framkvæmir voru ekki miklar en hluti af hurðum málaðar og vonumst eftir að ljúka þeim framkvæmdum fyrir annarlok. Nú á vormánuðum 2020 kom fyrsti hlutinn af nýjum búnaði inn á deildir, en búnaður var farin að láta mikið á sjá – en þá komu inn nýir stólar á allar deildir. Við stefnum svo á að halda áfram í því að endurnýja húsbúnað eftir því sem tækifæri gefast á nýju skólaári.

Í leikskólanum voru 68 börn yfir veturinn. Núna í júní hófst vinna við gerð ungbarnadeildar á yngstu deildinni og fækkar þá um 3 börn á þeirri deildinni og verður heildarfjöldi barna í skólanum 65. Þá verður vinnuaðstaða starfsmanna einnig bætt mikið en þau rými hafa verið of lítil innan leikskólans. Við þær framkvæmdir verður núverandi kaffistofu breytt í skrifstofu og því batnar mjög mikið öll aðstaða fyrir starfsfólk.

Árið var nýtt í að efla faglegt starf innan leikskólans. Menntastefna Reykjavíkur var höfð að leiðarljósi en aðaláherslan var lögð á sköpun og félagsfærni og var A-hluti þróunarstyrksins nýttur í þessa þætti. Í sköpun var m.a. lögð áhersla á ferilmöppur og skráningar og verður þessi þáttur dýpkaður enn meira næsta vetur. Í félagsfærni var mikil áhersla lögð á Vináttuverkefni Barnaheilla en einnig tókum við inn Hugarfrelsi og fengum tvö námskeið tengd því fyrir alla starfsmenn.

Við tókum þátt í tveim verkefnum tengdum B-hlutanum. Annars vegar með leikskólanum Björtuhlíð: Vísindaleikir, varmi og hitastig og hins vegar með Rannung og fleiri leikskólum: Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag. Höfum nýtt þá styrki í námskeið og námsefni en þar ber fyrst að nefna skráningar og ferlimöppur nemenda. Sköpun og félagstengsl voru áherslupættir þetta fyrsta ár í vinnu okkar með Menntastefnu Reykjavíkur. Ferilmöppurnar voru partur af Þróunarverkefni A- hluta úr Menntastefnu Reykjavíkur og munum við halda áfram að dýpka þá vinnu næsta vetur. Vináttuverkefni Barnaheilla var einnig stór þáttur af þróunarverkefni A- hluta en bæði fóru fleiri starfsmenn á grunnnámskeið í því námsefni og allir starfsmenn fengu tónlistarnámskeið. Í starfsáætlun 2019 – 2020 var lögð áhersla á að festa í sessi undirbúning starfsmanna. Grunnur að faglegu starfi er lagður í undirbúningstímum starfsmanna, en þeir voru ekki í nógu föstu skorðum á þeim tíma. Þetta hefur



gengið vel í vetur, allir starfsmenn fá undirbúning og nýta þann tíma vel. Mikil ánægja er með það meðal starfsmanna að festa þá í sessi. Við teljum okkur hafa lagt góðan grunn að eflingu fagmennsku og fagþekkingar innan hópsins og stefnum áfram á þeirri braut. Stjórnendafundir voru vikulegir – þegar það gekk upp og deildarfundir allra deilda hálf mánaðarlega. Samstarfsverkefni á vegum Rannung komst betur af stað þennan veturinn en árið áður. En starfsmaður á þeirra vegum kom inn á deildarfundi á yngstu og elstu deild til að styðja við deildarstjóra í sínu starfi og til að efla þá í fagstarfi sem stjórnendur. Þetta gafst vel og var stefnt á meira samstarf milli skóla en það datt upp fyrir vegna verkfalls og veiru.

Stefna leikskólans gengur út á flæði, að börnin nái flæði í leik og sköpun. En stærsti partur leikskólans gengur út á flæði, að börnin geti flætt á milli deilda og valið sér verkefni út frá eigin áhuga. Þessi stefna var farin að týnast í skólastarfinu enda hafa átt sér stað breyting á starfsmannahópnum í gegnum tíðina og ekki náðst nægjanlega vel að halda flæði milli deilda. Upp úr áramótum tóku stjórnendur og deildarstjórar þá ákvörðun að fara í endurnýjun á þessu skipulagi – taka allan starfsmannahópinn með og koma flæðinu aftur í gagn. Við höfum vinnuna í tengslum við þetta og byrjuðum af krafti. En því miður datt inn verkfall Eflingar og svo Covid 19 sem tók starfið á allt aðrar brautir. En allt skipulag flæðisins er tilbúið og nú er stefnt að því að koma með þá stefnu sterka inn næsta haust. Síðustu mánuðir leikskólastarfsins þetta vorið og sumarið einkennast af viðbrögðum og aðgerðum í tengslum við Covid 19 – þar sem blöndum barnanna er sem minnst. Ýmis verkefni dattu niður vegna veiru s.s. söngur fyrir Barnamenningarhátíð og foreldrakaffi. Starfsmenn leikskólans áttu að fara í námsferð í „Leikur að læra“ til Alicante á Spáni í lok apríl. Þeirri ferð var frestað vegna ástandsins í heiminum og stefnum að færa hana til vorsins 2021.

Mönnum leikskólans hefur gengið mjög vel allt skólaárið og aldrei vantað fólk, við bættum við fagmenntuðu fólki og nú í vor voru 32% starfsmanna með leikskólakennaramenntun eða aðra uppeldismenntun. 36% starfsmanna eru með aðra háskólamenntun og 32 % ófaglærðir. En þess má geta að í þeim hópi eru þrír starfsmenn í námi í leikskólalíða og fagnámskeiði Eflingar með vinnunni. Fræðsla síðasta vetur: Starfsmenn fóru í ferð í Sólheima í upphafi skólaárs og fengu fræðslu um svæðið. Farið var í Álfaberg í Hafnarfirði og hlustað á fyrirlestur um jákvæð samskipti og SMT. Starfsmenn fengu fræðslu frá Hugarfrelsi um jóga með börnum. Birte Hansen kom með námskeið um tónlist í tengslum við Vináttuverkefni. Við fengum fyrirlestur um Kynvitund og kynhegðun frá Samtökunum 78 nú í vor. Stefnt var á að fá fræðslu um samskipti á vinnustað en sú fræðsla datt niður vegna ástandsins á vormánuðum.

Næsti vetur verður tileinkaður áframhaldandi vinnu að flæði í starfi barnanna innan leikskólans. Við ætlum að byrja veturinn með flæði og ná því í fasta rútínu innan dagsskipulagsins á haustmánuðum. Læsi bætist við sem verkþáttur í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Við höfum þegar



undirbúið að hefja það ferli með námskeiðum fyrir starfsmenn bæði erlendis og í leikskólanum. Við munum vinna áfram með sköpun og félagstengsl eins og gert hefur verið og læsi bætist inn í þá vinnu. Í tengslum við eflingu fagstarfs er áformað að taka inn meiri teymisvinnu meðal starfsmanna, setja verkefni í teymi sem starfsfólk leikskólans mynda. Það er mikill áhugi fyrir þeirri vinnu og teljum við okkur geta eflt faglegt starf enn frekar með þessum aðgerðum.



2 Innra mat

Deildir leikskólans eru þrjár, Kattholt þar sem elstu tveir árgangarnir eru, Undraland þar dvelja börn 2-4 ára og Sjónarhóll sem er yngsta deildin. Á Sjónarhóli verð börnin 16-18 mánaða næsta vetur en sú deild verður skilgreind sem ungbarnadeild og endurnýjuð með það í huga.

Í maí 2018 fór fram ytra mat leikskólans sem var framkvæmt af SFS og var í kjölfar þess gerð umbótaáætlun. Þessi matskýrsla hafði áhrif á margt í skólastarfinu undanfarna vetur. Fram kom í Ytra mati SFS að gera einkunnarorð leikskólans sýnilegri en það hefur verið unnið með á öllum deildum í vetur, en áfram verður unnið með til að festa þau enn frekar í sessi. Ferilmöppur eru komnar í fastmótaðra form hjá okkur og verður áfram unnið með þær og dýpkað enn frekar þann þátt starfsins. Heimamenning hefur verið partur af leikskólastarfi vetrarins og verður áfram. Vorum við ánægð með vinnu í tengslum við heimamenningu sem fram fór í aðlögun nýrra barna, þar sem foreldrar unnu kynningarspjald á sinni fjölskyldu, stefnum á að nýta það verkefni árlega. Í skýrslunni frá maí 2018 var stefna leikskólans var ekki nógu sýnileg að mati matsaðila, við höldum áfram með þá vinnu næsta vetur, þ.e. að innleiða aftur inn flæði í starf barnanna. Við stefnum áfram á að vinna með sköpun og félagsfærni úr Menntastefnu Reykjavíkurborgar og tökum inn læsi í viðbót við þessa tvo þætti. Við nýttum Gátlista menntastefnunnar tvisvar sinnum yfir veturinn, en stefnum á að nýta áfram þá lista til að meta hvernig til tekst að vinna að námsþáttunum þremur sem við leggjum áherslu á næsta vetur. Við teljum mikilvægt að taka þá gátlista amk tvisvar til þrisvar yfir skólaárið til að sjá hvort að við séum að vinna að þessum þáttum. Við munum aftur hefja skólarárið á því að fara yfir listana um Félagsfærni og Sköpun á hverri deild eins og í fyrra, bætum nú einnig við Læsi listanum. Til að meta allt starfið verða allir listarnir nýttir og skoðuð staðan á menntastefnunni út frá því innan leikskólans nokkrum sinnum yfir skólaárið.

Við stefnum við á að auka innra mat leikskólans og í því samhengi verður unnið að gerð sjálfsmats fyrir deildarstjóra sem hefur það að markmiði að efla þá í starfi, en þessum þætti náðum við ekki inn í starfið í vetur. Með því að ígrunda starfið og setja sér markmið sem deildarstjórar ná þeir sem stjórnendur aukinni færni í krefjandi starfi. Deildarstjórar þurfa að fá tækifæri til að efla sig sem stjórnendur og verður það haft í huga þegar leitað verður eftir námskeiðum fyrir þá starfsmenn. Rannung verkefnið náði að koma inn á þennan þátt að hluta til í vetur en þar er verið að leitast við að efla deildarstjóra í starfi í þáttum menntastefnunnar.

Vinna við skólanámskrá er hafin en stutt á veg komin. Stefnum við á að vinna þá vinnu næsta vetur og og ljúka þeirri vinnu sem fyrst það skólaár. Skólanámskrá er lifandi plagg en grunnur þess liggur í samvinnu starfsfólks og þá vinnu viljum við nýta næsta skólaár.



2.1 Langtíma matsáætlun 2019 - 2022

Viðfangsefni	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	x	x	x	x
Faglegt samstarf	x		x	
Leikskólaþróun og starfsþróun	x		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna		x		x
Námsvið leikskólans		x	x	x
Leikskóli án aðgreiningar		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fjölgun starfsmanna í námi í leikskólakennarafræðum.			x	
Fagmennska starfsfólks	x	x	x	x
Starfsánægja	x	x	x	x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	x	x	x	x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Framkvæmd		x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð		x		x
Opinber birting og umbætur		x		x

2.1.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Kattholts um starfið á síðasta ári.

Þegar elstu börnin höfðu hvatt og yfirgefið leikskólann byrjaði aðlögun á milli deilda. Nokkrum dögum áður höfðu börnin valið sér nýtt hól á Kattholti. Aðlögun gekk vel og hratt fyrir sig þar sem börnin voru tilbúin að byrja á elstu deild. Einnig byrjaði aðlögun á nýjum börnum sem komu frá öðrum leikskólum og gekk hún mjög vel. Þar sem foreldrar tóku virkan þátt í starfinu með okkur. Nú var staðan sú að í staðinn fyrir tvo aldurshópa vorum við með þrjá aldurshópa. Á deildinni voru 27 börn á aldrinum 3ja - 5 ára af þeim voru 5 börn tvítyngd.

Í upphafi skólaársins var sameiginleg ákvörðun allra starfsmanna leikskólans að vinna með sköpun og félagsfærni úr menntastefnunni og þeir þættir hafðir í forgrunni í öllu starfinu. Mikil áhersla var á sköpunarferlið en ekki afurðina. Allt starfið er nám í félagsfærni og í leik barna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærni byggir á, þar kom vináttuverkefni Barnaheilla um hann Blæ bangsa sem við fengum í hendurnar í 2018 kom að góðum notum.

Frjáls leikur og útivera fær alltaf mikinn tíma á leikskólanum, ásamt gleði, umhyggju, virðingu og vináttu. Við höfum notið lífsins í leik og starfi og hefur leikurinn blómstrað bæði úti og inni. Í leiknum læra börnin samkennd og vináttu, að þekkja rétt og rangt og deila með



öðrum. Við höfum undanfarin ár verið með flæði á milli deilda í stærra húsinu. Því miður hafði það dottið aðeins niður hjá okkur þannig að við byrjuðum að setja það upp aftur og vorum byrjuð að flæða á milli þegar við urðum að stoppa vegna sóttvarna. Við munum taka þetta upp aftur að fullu krafti í haust.

Barnahópnum var skipt upp í þrjá hópa eftir fæðingarári þar sem hver hópur fékk sína heimastofu og sinn hópstjóra. Deildarstjóri kom svo inn í hópanna til aðstoðar og leiðbeiningar. Eins og alltaf er mikið studdum við sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum með því að hvetja þau til sjálfshjálpar, t.d. í matmálstímum, fataherberginu og á snyrtingunni, og eru þau mjög duglega að bjarga sér og hjálpa hvert öðru eftir þörfum. Einnig vinnum við mikið með lýðræði þar sem börnin taka saman ákvarðanir um hvað þau vilja læra að gera hjá og með okkur. Því eldri sem þau eru því meira hafa þau um skólastarfið að segja.

Við byrjuðum í vetur að setja upp ferilmöppur fyrir hvert barn á sýnilegri hátt en við höfðum áður gert og ætlum við að geta gert þær meira aðgengilegar fyrir þau. Starfsfólk hefur einnig verið að þjálf sig upp við að gera skráningar fyrir þau. Ætlunin er að leyft þeim að gera sjálf skráningar sem fara svo inn í möppurnar.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og var mjög góð mæting í þau, í foreldraviðtölunum núna í júní var mikið spjallað um líðan barnanna og stöðu þeirra í þroska og getu.

Í vetur voru allir með sinn fasta undirbúningstíma skráðan í undirbúningstöflu sem starfsmenn nýttu flestir mjög vel, deildarfundir áttu líka sinn fasta tíma aðra hverja viku og stjórnarfundir áttu sinn tíma alltaf vikulega. Allt þetta skiptir mjög miklu máli til að starfið verði markvissara, betra og sýndi það svo sannarlega í starfinu hversu mikilvægt er hafa góðan undirbúning og fundi til að ræða saman. Annað sem var nýtt var að settar voru upplýsingamöppur inn á hverja deild þar sem allar helstu upplýsingar voru að finna m.a. árshjólið, dagskipulagið, undirbúningstaflan, læsisstefna, umbótaþættirnir og margt fleira. Virkilega góð viðbót að hafa upplýsingamöppu sem alltaf var hægt að bæta við mikilvægum upplýsingum og auðvelt að grípa í hana.

Eftir að hafa farið í gegnum innra matið kom í ljós að börnunum líður vel og þau eru glöð og áhugasöm. Við leggjum áherslu á það sem börnin gera vel að það fái hvatningu og hrós sem er ígrundað. Samtöl okkar við börnin eru uppbyggjandi og hvetjandi, börnin fá tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsmálum og starfsfólkið sýnir sanngirnin ef það þarf að grípa inn í og aðstoða börnin við að leysa úr þeim.

2.1.1.1 Umbótaþættir á Kattholti

Skráningar á námi barna verði sýnilegri á deildinni: Öll börnin eru núna komin með ferilmöppu þar sem skráningum er safnað saman, skráningin er til að meta nám, þroska og vellíðan barna. Skráningin er mjög góð til að hafa betri yfirsýn á framförum þeirra og hvað þarf að styðja þau frekar í. Flestir starfsmenn eru búnir að tileinka sér hæfni sem þarf við gerð skráninga.

Það sem vel er gert: Skráningum hefur fjölgað til muna og eru mun sýnilegri eftir að við settum þennan þátt í umbótaáætlunina. Allir starfsmenn eru miklu meðvitaðri núna um að grípa augnablikið í leik og starfi barnsins og hefur skráningum á hverju barni aukist til muna. Við erum mjög dugleg að skrá sköpunarferli barnanna með myndum og hinu daglega námi. Skráningarnar eru aðgengilegar börnunum, hanga í þeirra hæð á veggjum og fara svo í ferilmöppur. Skráningar eru settar upp í fataklefann, myndir með texta, þar sem foreldrar geta fylgst með því sem börnin eru að gera. Einnig hjálpar það börnunum að segja foreldrum sínum sjálf frá því sem þau voru að vinna að.

Tækifæri til umbóta: Deildarstjóri hefur að nokkru leiti séð um skráningarnar í vetur en verið að hvetja og efla alla starfsmenn í að gera skráningar og gera fleiri á næsta vetur. Mögulega að hafa ferilmöppurnar á þeim stað sem börnin hafa greiðan aðgang að.

Heimamening barnanna: Að samtarf heimila og skóla gerir starfið ennþá betra því mikilvægt er að foreldrar verði enn meiri partur af starfinu.

Var á áætlun eftir ármót 2020



Tækifæri til umbóta: Það var á dagskrá að byrja með „stjörnu vikunnar“ eftir áramót. Ætlunin var að tengja heimili og skóla enn betur með því að foreldrar gerðu heimavinnu með börnunum þar sem þau taka myndir heima af því sem þeim langaði til. Svo í hópstarfi átti „stjarna vikunnar“ að vera með myndasýningu fyrir börnin sem varpað yrði af skjávarpa á tjald þar sem þau væru að segja og sýna hinum frá myndunum með aðstoð starfsmanns sér við hlið. Þarna væru þau að feta sín fyrstu fótspor í að standa fyrir framan aðra og segja frá sem styrkir sjálfsöryggið og félagsfærnina. Einnig áttu þau að koma með bækur að heiman sem lesa átti í sögustundum. Vegna verkfalla og Covid-19, þurfti að fresta þessu, en við viljum stefna að því að gera þetta næsta skólaár.

Sköpun; áherslan á ferlið frekar en afurðir: Efla starfsmenn í að nýta ólíkan efnivið og leyfa börnunum að spreyta sig í að nýta sköpunargáfu sína. Börnin efla sköpun með því að glíma við mismunandi viðfangsefni. Að börn og starfsmenn átti sig á að sköpun liggur víða í því sem börnin gera eins og t.d. í að byggja úr einingarkubbum o.fl.



Það sem vel er gert: Efla starfsmenn í að nýta ólíkan efnivið og leyfa börnunum að spreyta sig í að nýta sköpunargáfu sína. Börnin efla sköpun með því að glíma við mismunandi viðfangsefni. Börnin höfðu áhrif á ferlið í sköpuninni í samstarfi við starfsmenn. Þau fengu að njóta sín og reynt eftir bestu getu í eins rólegu umhverfi og hægt er.

Tækifæri til umbóta: Þetta gekk mjög vel í vetur allir meira meðvitaðir um að einblína á ferlið frekar en afurðina. En þá má alltaf gera betur og eru því komnar hugmyndir um að gefa pláss fyrir sköpun í stundatöflu og þegar flæði er í gangi.



Félagsfærni; Trú á eigin getu og sjálfsmynd: Við erum að vinna með að bæta samskipti barnanna við hvort annað þannigjávæðari í daglegu starfi og í þeirri vinnu sem þau eru í. Við erum að vinna með vináttu verkefnið Blæ og vorum við að bæta við Hugarfrelsi þar sem börnin læra að gera léttar öndunaræfingar og anda eftir ákveðni

tækni og læri í leiðinni að róa hugann sinn. Unnið er einnig sem samtarfsverkefni það sem börnin eru sett í hópa tvö og tvö eða draga miða eða velja sér sjálf félag. Þau fá í hendurnar alls konar verkefni það sem þau þurfa að hjálpast að við að vinna.

Það sem vel er gert: Gerðar eru einnig slökunnar æfingar þar sem saga er lesinn og börnin eiga að sjá fyrir sér í huganum það sem lesið er um. Eftir slökunina teikna þau á blað það sem þau sáu fyrir sér.

Tækifæri til umbóta: Þar sem Hugarfrelsi hefur bara fest sés hjá elsta árganginum þar sem þessi kennsla er gerð á hverjum degi. Þar að hvetja starfsmenn til að taka Hugarfrelsi upp hjá fleiri hópum með því á nýtt þann starfsmann sem nota það mest.

Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Að hverju er stefnt? Gera þær markvissari, sýnilegri á deildum og leiðbeina starfsfólki við að gera skráninga og safna gögnum Að heimamenning verði sýnilegri á deildunum Setja upp áætlun hvernig við ætlum að vinna með sköpun. Áhersla lögð á að börnin hafi áhrif á ferlið í sköpuninni í samtarfi með starfsmönnum. Að samskipti barnanna við hvort annað verði jákvæðari	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Við veljum ákveðna þætti sem við ætlum að skrá. Starfsfólk fær leiðbeiningar Hluti skráninga verði sýnilegur á deildunum	Haut 2019 Vor 2021	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarstjórafundir, deildarfundir skipulagsdag könnun hjá starfsfólki og börnum	Að skráningar séu reglulegar og markvissar. Þannig að þær nýttist til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega
	Virkja alla foreldra til samstarfs um heimamenningu barna þeirra	Jan 2019 Vor 2021	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarstjórafundir, deildarfundir skipulagsdag könnun hjá starfsfólki og börnum	Markvisst sé unnið með heimamenningu yfir árið á öllum deildum
	Í rólegu umhverfi og gefa sér tíma.	Haut 2019 vor 2021	Deildarstjóri ber ábyrgð að þetta fari markvisst fram samkvæmt áætlun og allir starfsmenn taki virkan þátt í að móta það.	Með skráningu og að því verði fylgt eftir á deildarfundum	Að börnin fái tæki í hendurnar til að geta tjáð langanir og þarfir á auðveldan hátt
	Í daglegu starfi og í hópavinnu. Þemavinnu með Blæ bangsa og Hugarfrelsi	Haut 2019 Vor 2021	Allt starfsfólk, deildastjóri	Deildafundir og skipulagsdagar og a fundum með börnunum 6 sinnum yfir skólaárið	Að börnin verði hæfari til að eiga í góðum samskiptum sín á milli og við aðra. Þau öðlist getu til að setja sig í spor annara og geti sýnt öðrum góðvild og virðingu



2.1.2 Stutt greinagerð frá deildarstjóra Undralands um starfið á síðasta ári.

Á Undralandi eru tuttugu og þrjú börn, tíu fædd árið 2017 og níu fædd árið 2016. Það eru fimm stöðugildi.

Í leikskólanum var ákveðið að vinna eftir tveimur þáttum menntastefnu Reykjavíkurborgar, sköpun og félagsfærni og eru þeir í forgrunni í öllu starfinu. Allt nám í leikskólanum miðar að félagsfærni, börnin fá nægan tíma til frjáls leiks og starfsfólk er til staðar til að leiðbeina þeim. Við höfum unnið með báðum árgöngum að Vináttuverkefni Barnaheilla sem við fengum í haust. Það hefur verið kærkomin viðbót og nýtist vel í samverustundum og til að útskýra og kenna þeim ákveðna þætti í samskiptum.

Við notum einnig námsefnið Lubbi finnur málbeinið til að hjálpa börnunum að þekkja málhljóðin.

Hann er skemmtileg leið til þess að örva málskilning hjá börnunum samhliða lestri og söngvaleykjum.

Við höfum nýtt okkur námsefnið Hugarfrelsi til þess að kenna börnunum öndun og slökun. Það hefur komið sterkt inn í bættum samskiptum og aukinni meðvitund um eigin líðan hjá börnum. Jólagjöfin í ár var í tengslum við Hugarfrelsið og fólst í öndunaræfingu sem fór heim með börnunum.

Leikskólinn leggur áherslu á hreyfingu barna. Eldri hópurinn á sinn tíma í íþróttahúsinu og fer með sínum jafnöldrum af Kattholti þar sem áhersla er lögð á skipulagða hreyfingu ásamt frjálsum leik. Þegar leið á vorið og Covid-19 takmarkaði þann möguleika lögðum við frekari áherslu á gönguferðir fyrir hvern hóp. Þá nýttum við líka til þess að gera skráningar og verkefni um heimamenningu barna. Börnin fara síðan allajafna út í leik að minnsta kosti einu sinni á dag. Þar sem við erum til staðar og þau ná að leika og eiga samskipti og efla þar með bæði hreyfi- og félagsþroska þeirra.

Sköpun barna er þáttur sem við erum að vinna að. Hluti af því að bæta þann þátt var að gera skráningar sýnilegri og að setja niður hvaða verkefni við vildum setja í möppur barnanna. Það hefur gegnið vel. Það sem hjálpaði til við það var að starfsfólk var með sinn fasta undirbúningstíma og deildarfundir voru reglulega. Starfsfólk var hugmyndaríkt að finna til verkefni og vinna þau með börnunum. Oft að tengja saman námsefnið frá Lubba og Blæ og vinna með það í listasmiðju. Það reyndist vel.

2.1.2.1 Umbótaþættir á Undralandi.

Við settum niður fjóra þætti í umbótaáætlun. Hér á eftir er farið yfir helstu niðurstöður, styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir næsta skólaár 2020-2021.



Skráningar á námi barna verði markvissari og sýnilegri á deildinni og að leiðbeina starfsfólki við að gera skráningar og safna gögnum. Nú eru börnin komin hvert og eitt með eigin möppu. Í henni er skráningarblað með þeim verkefnum og skráningum sem við viljum gera yfir veturinn. Verkefni eins og sjálfsmynd, fjölskyldumynd og síðan einstaklingsskráning og hópaskráning o.fl. Við byrjuðum að hengja upp skráningar í fataklefan fyrir hverja viku. Þar sem við tökum saman myndir og texta sem að foreldra og börn geta skoðað saman.



Styrkleikar: Að hafa viðmið um hvaða verkefni við viljum hafa og að hafa tímaramma fyrir hvenær einstaklingsskráning og hópaskráning eiga að vera komin í möppuna, hjálpar okkur að standa við skráningar. Þær eru markvissari. Börnin höfðu gaman af að skoða skráningarnar sem við hengdum upp og eins foreldrar.

Tækifæri til umbóta: Verkefnin skiluðu sér en skráningar og hver eigi að gera þær og hvernig mætti bæta. Við setum skráningar áfram í umbótaáætlun næsta árs. Stefnum að því að skipta börnunum í hópa og að hver starfsmaður fái leiðbeiningar og tíma til þess að ljúka skráningum fyrir hvert barn.

Heimamening barna verði sýnilegri á deildum: Í heildina litið hefur

þetta gengið vel. Börnin koma með myndir af heiman og gera sitt eigið spjald þar sem að fjölskyldan þeirra og þau eru í aðalhlutverki. Þessi spjöld er síðan í hæð barnanna og þau geta skoðað spjöldin sín og séð annarra. Þá höfum við verið með verkefnið Stjarna vikunnar þar sem börnin kynna sitt í leikskólanum. En vegna aðstæðna í vor 2020 féll það niður. Í staðinn fór eldri hópur í gönguferðir að skoða hús sín. Börnin sýndu þá vinum sínum húsið að utan og síðan ræddum við um heimilið og fjölskyldu í leikskólanum.

Styrkleikar: Bæði verkefnið með spjaldið og stjarna vikunnar gera börnum og foreldrum að taka þátt. Vinnan er sýnileg á deildinni og börnin geta skoðað og sýnt vinum sínum. Verkefnið með hús barnanna var góð leið til þess að fá innsýn í þeirra raunveruleika og fjölskyldulíf.



Tækifæri til umbóta: Samstarfið milli heimilis og leikskóla gekk vel og þetta er þáttur sem Fá fram raddir barna sem ekki hafa gott vald á íslenskri tungu: Viðmið með þessum þætti var að börnin fengu tæki til þess að tjá langanir sínar og þarfir á einfalda hátt.

Myndrænt skipulag : Hafa sýnilegt dagsskipulag fyrir nemendur til að auðvelda þeim að sjá fyrir hvað gerist yfir daginn og auka þannig þeirra öryggisfinningu fyrir leikskólanum. Þegar nemendur vita hvað er framunda líður þeim betur.



Styrkleikar: Við erum komin með spjald með myndrænu skipulagi sem er gott að nýta til þess að útskýra fyrir börnunum hvernig dagurinn gengur fyrir sig. Í vetur var skipulagt flæði þar sem að börnin geta valið sér svæði og leikefni. Það var allt sett fram með myndrænum hætti.

Tækifæri til umbóta: Við viljum halda þessum þætti inni. Við erum enn ekki farin að nýta myndræna dagskipulagið nógu vel. Það væri gott að setja niður markvissari markmið hvað við viljum t.d. merkja. Næst viljum við leggja áherslu á að setja fram á myndrænan hátt, fataval í fataklefa. Merkja hillur og dót og nota merkingar sem við notum í flæði líka þegar það fellur niður á milli deilda eins og í Covid.

Samstarf og samábyrgð starfsfólks sýnileg: Allt starfsfólk fær sinn undirbúningstíma og deildarfundir eiga sér fastan tíma í skipulagi.

Styrkleikar: Það eitt að deildarfundir og undirbúningur eigi sér fastan tíma hjálpar til við að virða og halda í mikilvægi þess að taka undirbúning og að ræða málin. Það hjálpar okkur að þetta hópinn og að við sjáum starfið sem okkar sameiginlega markmið. Allir fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar og leggja af mörkum. Starfsfólk fær tíma til að undirbúa starfið.

Niðurstaða: Nú þegar að allir fá sinn fasta undirbúningstíma og deildarfundir eru komnir inn í skipulagið þá álitum við þessum þætti lokið í bili. Þetta er orðinn hluti af fyrirkomulaginu sem við viljum vinna eftir.



Umbótaþættir Undraland	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem er stuðst við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skráningar á námi barna	Gera markvissar skráningar, leiðbeina starfsfólki og skipta niður skráningum.	Fræðsla og samráð um skráningar.	Haut 2019 Vor 2021	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Nota skráningar-blöðin og meta stöðu á deildar- og deildarstjórafundum.	Skráningar framkvæmdar markvisst af öllu starfsfólki og eru í öllum möppum.
Heimamenning barnanna	Að heimamenning verði sýnilegri á deildunum	Virkja alla foreldra til samstarfs um heimamenningu barna þeirra	Jan 2019 Vor 2021	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarstjórafundir, deildarfundir skipulagsdag könnun hjá starfsfólki og börnum	Markvisst sé unnið að heimamenningu yfir allt árið á öllum deildum.
Fá fram raddir barna sem ekki hafa gott vald á íslenskri tungu	Börnin geti tjáð skoðanir sínar og vilja eins og hin börnin	Gera myndrænt dagskipulag, fataval og flæði.	Haut 2019 Vor 2021	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Deildarfundir og skipulagsdagar	Að börnin fái myndir í hendurnar til að geta tjáð langarnir og þarfir á einfaldan hátt.



2.1.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Sjónarhóls um starfið á síðasta ári.

Starfið á Sjónarhóli hefur svo sannarlega verið líflegt og lærdómsríkt á líðandi skólaári. Þetta skólaárið dreifðist aðlögunin á nokkuð langt tímabil og alveg fram á veturinn. Það voru alls 18 börn á deildinni öll ný nema 2, á aldrinum 1-2 ára og stöðugildin voru 5. Barnahópurinn var fjölbreyttur í ár, meðal annars voru 5 fjöltyngd börn. Aðlögunin gekk mjög vel, foreldrar tóku virkan þátt, kynntust starfinu, starfsmönnum og öðrum foreldrum vel sem okkur finnst mjög mikilvægt.

Í upphafi skólaársins var sameiginleg ákvörðun allra starfsmanna leikskólans að vinna með sköpun og félagsfærni úr menntastefnunni og þeir þættir hafðir í forgrunni í öllu starfinu. Mikil áhersla var á sköpunarferlið en ekki afurðina. Allt starfið er nám í félagsfærni og í leik barna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærni byggir á, þar kom vináttuverkefni Barnaheilla sem við fengum í hendurnar í haust að góðum notum.


Frjáls leikur og útivera fær alltaf mikinn tíma á Sjónarhóli, ásamt gleði, umhyggju, virðingu og vináttu. Við höfum notið lífsins í leik og starfi og hefur leikurinn blómstrað bæði úti og inni og tekið heilmiklum framförum. Í leiknum læra börnin samkennd og vináttu, að þekkja rétt og rangt og deila með öðrum.

Eitt af markmiðum vetrarins var að skipta barnahópnum í smærri hópa svo þau gætu notið sín betur í rýmunum, sem virkaði mjög vel. Börnunum var skipt upp í tvo hópa eldri og yngri síðan voru þeim hópum skipt í tvennt þar sem hver hópstjóri var með 4-5 börn í hóp.

Við studdum við sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum með því að hvetja þau til sjálfshjálpar, t.d. í matmálstímum, fataherberginu og á snyrtingunni, og eru börnin dugleg að reyna að gera sjálf.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og var mjög góð mæting í þau, í foreldraviðtölunum núna í maí var foreldrunum kynntar ferilmöppurnar sérstaklega, þar sem stuðst er við skráningar til að meta nám og líðan barnanna.

Í vetur voru allir með sinn fasta undirbúningstíma skráðan í undirbúningstöflu sem starfsmenn nýttu flestir mjög vel, deildarfundir áttu líka sinn fasta tíma aðra hverja viku og stjórnarfundir áttu sinn tíma alltaf vikulega. Allt þetta skiptir mjög miklu máli til að starfið verði markvissara, betra og sýndi það svo sannarlega í starfinu hversu mikilvægt er hafa góðan undirbúning og fundi til að ræða saman. Annað sem var nýtt var að settar voru upplýsingamöppur inn á hverja deild þar sem allar helstu upplýsingar voru að finna m.a. árshjólíð, dagskipulagið, undirbúningstaflan, læsisstefna, umbótaþættirnir og margt fleira. Virkilega góð viðbót að hafa upplýsingamöppu sem alltaf var hægt að bæta við mikilvægum upplýsingum og auðvelt að grípa í hana.



Eftir að hafa farið í gegnum innra matið kom í ljós að börnunum líður vel og þau eru glöð og áhugasöm. Við leggjum áherslu á það sem börnin gera vel að það fái hvatningu og hrós sem er ígrundað. Samtöl okkar við börnin eru uppbyggjandi og hvetjandi, börnin fá tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsmálum og starfsfólkið sýnir sanngirnin ef það þarf að grípa inn í og aðstoða börnin við að leysa úr þeim.

2.1.3.1 Umbótaþættir á Sjónarhóli:

Skráningar á námi barna verði sýnilegri á deildinni: Öll börnin eru núna komin með ferilmöppu þar sem skráningum er safnað saman, skráningin er til að meta nám, þroska og vellíðan barna. Skráningin er mjög góð til að hafa betri yfirsýn á framförum þeirra og hvað þarf að styðja þau frekari í. Flestir starfsmenn eru búnir að tileinka sér hæfni sem þarf við gerð skráninga.

Það sem vel er gert: Skráningum hefur fjölgað til muna og eru mun sýnilegri eftir að við settum þennan þátt í umbótaáætlunina. Allir starfsmenn eru miklu meðvitaðri núna um að grípa augnablikið í leik og starfi barnsins og hefur skráningum á hverju barni aukist til muna. Við erum mjög dugleg að skrá sköpunarferli barnanna með myndum og hinu daglega námi. Skráningarnar eru aðgengilegar börnunum, hanga í þeirra hæð á veggjum og fara svo í ferilmöppur. Vikulega hengdum við upp í fataklefann myndir með texta, þar sem starfið varð sýnilegt eftir vikuna, foreldrar voru virkilega ánægðir og höfðu gaman að því að skoða þær.

Tækifæri til umbóta: Deildarstjóri hefur að mestu séð um skráningarnar í vetur en stefnum á að efla alla starfsmenn í að gera skráningar og gera fleiri á næsta vetur. Mögulega að hafa ferilmöppurnar á þeim stað sem börnin hafa greiðan aðgang að.

Heimamennig barna: Að samtarf heimila og skóla gerir starfið ennþá betra því mikilvægt er að foreldrar verði enn meiri partur af starfinu.

Það sem vel er gert: Í aðlöguninni komu foreldrar með myndir af fjölskyldu barnanna, þar sem þau föndruðu sjálf veggspjöldin með því að klippa og líma myndirnar og skreyta veggspjaldið og skrifa undir myndirnar nöfn á þeim og hvernig þeir tengjast barninu. Veggspjöldin voru síðan hengd upp í hæð barnanna, nánast öll börnin höfðu gaman af því að skoða þau og höfðu þörf til að sína öðrum. Okkur finnst þetta vera mikilvægur partur af starfinu þar sem foreldrar og fjölskyldur barnanna færast ennþá nær starfinu

Tækifæri til umbóta: Það var á dagskrá að byrja með „stjörnu vikunnar“ eftir áramót. Áætlunin var að tengja heimili og skóla enn betur með því að foreldrar gerðu heimavinnu með börnunum þar sem þau taka myndir heima af því sem þeim langaði til. Svo í hópstarfi átti „stjarna vikunnar“ að vera með myndasýningu fyrir börnin sem varpað yrði af skjávarpa á tjald þar sem þau væru að segja og sýna hinum frá myndunum með aðstoð starfsmanns sér við hlið. Þarna væru þau að feta sín fyrstu fótspor í að standa fyrir framan aðra og segja frá sem styrkir sjálfsöryggið og félagsfærnina. Einnig áttu þau að



koma með bækur að heiman sem lesa átti í sögustundum. Vegna verkfalla og Covid-19, þurfti að fresta þessu, en við viljum stefna að því að gera þetta næsta skólaár.

Sköpun; áherslan á ferlið frekar en afurðir: Efla starfsmenn í að nýta ólíkan efnivið og leyfa börnunum að spreyta sig í að nýta sköpunargáfu sína. Börnin efla sköpun með því að glíma við mismunandi viðfangsefni.

Það sem vel er gert: Efla starfsmenn í að nýta ólíkan efnivið og leyfa börnunum að spreyta sig í að nýta sköpunargáfu sína. Börnin efla sköpun með



því að glíma við mismunandi viðfangsefni. Börnin höfðu áhrif á ferlið í sköpuninni í samstarfi við starfsmenn. Þau fengu að njóta sín og reynt eftir bestu getu í eins rólegu umhverfi og hægt er.

Tækifæri til umbóta: Þetta gekk mjög vel í vetur allir meira meðvitaðir um að einblína á ferlið frekar en afurðina. En þá má alltaf gera betur og eru því komnar hugmyndir um að gefa pláss fyrir sköpun í stundatöflu og þegar flæði er í gangi. Skipta þá börnunum niður í hópa og gefa hverjum hóp viku í listakrók með fyrir fram ákveðnum verkefnum. Hafa efnivið sýnilegan og í þeirra hæð svo þau geti nálgast hann. Með þessu höldum við að nemendur getur notið sín og hafi nægan tíma í sköpun.

Aðrir námsþættir:

Það gekk vel að notast við námsefnið „Lubbi finnur mábein“, þar sem börnin voru fljót að tileinka sér hreyfingar fyrir hvert málhljóð sem auðveldar þeim að tileinka sér hljóðin. Tvisvar í viku var unnið með Lubba og í kjölfarið unnið verkefni með staf vikunnar. Við erum mjög sátt með vinnuna með Lubba og ætlum að halda áfram með hana. Við teljum því ekki þörf á umbótum í bili.

Vináttuverkefni Barnaheilla kom fyrst til sögunnar í haust, deildarstjóri ásamt einum öðrum starfsmanni á deildinni fóru á námskeið, þar sem nýbúið var að gefa út kennsluefni fyrir yngstu börnin. Við tókum á móti bangsanum Blæ með því að fara öll í leiðangur út fyrir skólalóðina til þess að finna bangsann Blæ, hann fundinn rétt fyrir utan skólalóðina í einum runnanum. Öll börnin fengu sinn eigin í bangsa og tóku honum fagnandi. Eitt af verkefnum hjá börnunum var að mála á þvottapoka sem var ætlaður sem svefnpoki fyrir bangsann Blæ til að hvílast og auðvelt fyrir börnin að leita til hans þegar þörf var á. Við notuðum mikið tónlistarefnið sem tengist vináttuverkefninu sem er alveg æðislegt og gagnaðist vel í samverustundunum með Blæ. Vináttuverkefnið Barnaheilla í heild sinni hefði mátt vera markvissara. Þetta var fyrsta árið okkar með það og stefnum á það að vera enn betri og virkari í því að nota þetta frábæra kennslugagn.



Umbótaþættir Sjónarhóll	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)
Skráningar á námi barna	Gera þær markvissari, sýnilegri á deildum og leiðbeina starfsfólki við að gera skráninga og safna gögnum	Við veljum ákveðna þætti sem við ætlum að skrá. starfsfólk fær leiðbeiningar Hluti skráninga verði sýnilegur á deildunum	Haut 2019 Vor 2021	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarstjórafundir, deildarfundir skipulagsdag könnun hjá starfsfólki og börnum
Heimamenning barnanna	Að heimamenning verði sýnilegri á deildunum	Virkja alla foreldra til samstarfs um heimamenningu u barna þeirra	Jan 2019 Vor 2020	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarstjórafundir, deildarfundir skipulagsdag könnun hjá starfsfólki og börnum
Vinna markvisst að sköpun og áhersla verði lögð á ferlið frekar en afurðir	Setja upp áætlun hvernig við ætlum að vinna með sköpun. Áhersla lögð á að börnin hafi áhrif á ferlið í sköpuninni í samtarfi með starfsmönnum.	Í rólegu umhverfi og gefa sér tíma.	Haut 2019- vor 2020	Deildarstjóri ber ábyrgð að þetta fari markvisst fram samkvæmt áætlun og allir starfsmenn taki virkan þátt í að móta það.	Með skráningu og að því verði fylgt eftir á deildarfundum.



3 Ytra mat

Ytra mat leikskólans byggir á skýrslu um Ytra mat frá árinu 2018, Starfsmannakönnun frá 2020 og foreldrakönnun Reykjavíkurborgar frá vormánuðum 2019. Niðurstöður þessara athugana eru nýttar til að ákveða þá áhersluþætti sem vinna á með næsta vetur. Þessar skýrslur hafa mikil áhrif á hvaða þættir verða fyrir valinu hverju sinni þegar gera á starfsáætlun og umbótaráætlun.

Ytra mat leikskólans var unnið í júní 2018 og eru niðurstöður þeirrar vinnu nýttar til að leggja áherslu á það sem bæta þarf í starfinu næsta árið. Þeir þættir sem m.a. var bent á að þyrfti að laga voru að gera einkunnarorð leikskólans sýnilegri. Sú vinna er þegar hafin eins og áður sagði og ætlum við að halda áfram að vinna með einkunnarorðin *Hreyfing – Gleði – Vinátta* en þau tengjast öll vel inn í þá vinnu sem fer fram varðandi menntastefnuna næsta vetur. Einnig kom fram í ytra matinu að bæta þyrfti upplýsingar á heimasíðu og skólanámskrá þyrfti að uppfæra. Í þessa vinnu verður farið markvisst á næstu misserum til að gera starfs leikskólans faglegra og sýnilegra fyrir þá sem vilja skoða leikskólann en heimasíða leikskólans er að mörgu leiti andlit leikskólans út á við.

Í skýrslunni kom fram mikilvægi þess að starfsfólk fái samningsbundinn undirbúningstíma og það þyrfti að bæta í leikskólanum. Þessi þáttur var bættur í fyrra og nú fara allir starfsmenn í undirbúning. Næsta vetur munum við svo leggja enn frekari áherslu á undirbúning deildarstjóra og samvinnu þeirra á milli. En stefnt er að því að deildarstjórar taki allir undirbúning á sama tíma en þá er möguleiki til faglegs samtals og meiri möguleiki að samræma á milli deilda hvernig starfið fer fram. Leikskólastjóri hefur unnið Árshjól Stakkaborgar en þar koma fram fundardagar deilda sem og uppbrotsdagar og vikur leikskólans.

Starfsmannakönnun fór fram í febrúar 2020 og kom sú könnun vel út í Stakkaborg. Við hækkuðum flesta þætta milli ára. Bestu niðurstöðurnar voru þó þær að ekki mældist einelti né áreitni meðal starfsmanna. Hins vegar kom fram að starfsmenn hefðu upplifað fordóma og þurfum við að skoða þann þátt betur. Í vor var boðið upp á fræðslu frá Samtökunum 78 um Trans og margbreytilegar fjölskyldur og var það einn liður í því að koma í veg fyrir fordóma og til að fá umræður um margbreytileika mannlífsins. 83,3% starfsmanna sögðust hafa fengið starfsþróunarsamtal en þess má geta að eitt slíkt fór fram fyrir áramót við alla starfsmenn og svo aftur eftir að skólinn opnaði aftur eftir páska. Það kom fram hækkun í þeim þætti sem snéri að hæfum og áhugasömu starfsmönnum, hækkun í árangursríkum stjórnunarháttum en starfsánægja lækkaði lítillega. Þættir er vörðuðu starfsaðstöðu og vinnuálag komu ekki nógu vel út og voru einu þættir skýrslunnar sem voru rauðir. En þar vonumst við eftir úrbótum með nýrri og betri vinnuáðstöðu.



Ýmis vinna mun fara fram næsta vetur s.s. ýmsir ferlar sem þarf að ljúka:

- Ferlar ef grunur vaknar um frávík hjá barni verða unnir næsta vetur en það mun verða verkefni stjórnenda og sérkennslustjóra að koma þeim verkferlum í skólanámskrá.
- Móttökuáætlun nýrra starfsmanna er í vinnslu og ætlunin að ljúka þeirri vinnu sem fyrst.
- Skólanámskrá.
- Læsisstefna.
- Ferlar vegna teymisvinnu - en stefnt er á að hafa teymi um Sköpun, Félagsfærni, Læsi og Flæði.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram tvisvar sinnum yfir veturinn 2019 - 2020, í nóvember og lok apríl /byrjun maí. Við munum halda áfram á þeirri braut, þ.e. örsamtal í nóvember til að styðja við starfsmenn í starfi og annað viðtal við stjórnendur í mars/apríl. Stefnum á að halda starfsamtöl þar sem deildarstjórar ræða við starfsmenn á sinni deild næsta vetur. Með því erum við að efla fagstarf deildarstjóranna sem stjórnendur yfir sinni deild. Þá teljum við þetta mikilvægan þátt í því að efla samvinnu og samstarfs innan deilda, gefur deildarstjórum tækifæri til að efla starfsfólk deildarinnar á jákvæðan hátt.

Fræðsla næsta vetrar verður að miklu leyti tengd læsi og félagstengslum. Við stefnum á að fá fleiri fyrirlestra frá Hugarfrelsi fyrir alla starfsmenn. Við höfum þegar pantað fyrir næsta vetur fyrirlestur og vinnustofu um gerð læsis spila frá leikskólanum Nóaborg á starfsmannafundi. Við höfum einnig pantað fræðslu um fjölbreyttar kennsluaðferðir fyrir næsta vetur en það er kennari sem heldur þeirri síðu úti á internetinu og heldur námskeið fyrir leik- og grunnskóla, með áherslu á hugmyndir tengdar læsi. Við erum að fara í námsferð – sem frestaðist en þar erum við að fara að kynna aðferðinni „Leikur að læra“ og þar er unnið með leikinn í tengslum við læsi á fjölbreyttan hátt. Einnig verður í sömu ferð námskeið sem heitir Hópefli og tilfinningagreind.

Markmið næsta vetrar:

- Starfsþróunarsamtöl fara fram a.m.k tvisvar á ári og fara fram í okt/nóv og mars/apríl.
 - ✓ Spurt er um líðan í starfi, styrkleika og það sem starfsmaður vill auka þekkingu á. Hvað starfsmaður vill leggja áherslu á í starfinu. Það sem starfsmaður vill sjálfur ræða um hverju sinni. Einnig stefnt að því að deildarstjórar taki viðtal við sína starfsmenn einu sinni yfir veturinn.
- Efla nýliðafræðslu á fyrstu 3 mánuðunum – komumst ekki í þetta síðasta vetur. Við þurfum að efla móttöku nýliða og gera móttökuáætlun virka.



- Efling félagsfærni og sköpunar úr Menntastefnu Reykjavíkurborgar – vinnum áfram með þá þætti:
 - ✓ Félagsfærni: Vináttuverkefni Barnaheilla tekið enn frekar inn í starfið
 - ✓ Félagsfærni: Hugarfrelsi.is, nýta aðferðir þeirra við að efla tilfinningar og líðan barnanna en þær aðferðir hjálpa börnum við að efla sig í samskiptum, sjálfsaga og tilfinningastjórn.
 - ✓ Sköpun: Draga fram það skapandi starfs sem fram fer innan leikskólans.
 - ✓ Sköpun: Skráning á sköpunarferli og verkefnum barnanna.
- Læsi – námsþáttur Menntastefnunnar:
 - ✓ Tökum inn fjölbreyttar kennsluaðferðir tengdar læsi
 - ✓ Námsferð Stakkaborgar. Stefnt var að fara í námsferð í „Leikur að læra“ í Alicante á skipulagsdögum í apríl. Sú ferð frestaðist til 2020 – 2021, námskeiðið tengist hreyfingu og læsi. Á námskeiðinu kynnast starfsmenn leikjum og aðferðum til að vinna með hljóðkerfisvitund, aukningu orðaforða og læsis á markvissan hátt í gegnum leikinn.
- Deildastjórar á námskeið um innra mat og skráningu.
- Leiðtoganámskeið fyrir nýja deildarstjóra.
- Námskeið í Vináttu – sendum fleiri starfsmenn á þau námskeið.
- Fræðslutilboð frá endurmenntun HÍ og frá SFS verða skoðuð og nýtt eftir þörfum.
- Unnið áfram að þróunarverkefni með Rannung sem hófst haust 2018. Verkefnið gengur út á að styrkja deildarstjóra í starfi. Verkefnalok þetta starfsár.
- Erasmus styrkur – fengum styrk til að senda 6 starfsmenn á námskeið (2 á hvert námskeið) um sköpun og útikennslu á Ítalíu og Hollandi.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Skilaboðaskjóðan. Samstarf Háteigsskóla, Nóaborgar, Klambra og Stakkaborgar hefur verið farsælt og stöðugt eftir að þróunarverkefni þessara skóla lauk. Markmiðið með þessu samstarfi er að stuða að vellíðan og öryggi barna við flutning frá leikskóla í grunnskóla og að elstu börnin í leikskólunum séu búin að kynnast hvort öðru í upphafi skólagöngu. Með verkefninu var unnið að því að brúa betur bilið á milli skólastiganna. Við teljum gott samstarf milli þessara aðila styrkja starfsfólk á báðum skólastigum. Samstarfið gekk vel en að sjálfsögðu höfðu verkfall og veira áhrif á að heimsóknir urðu færri en gert var ráð fyrir.

Það á eftir að setja niður dagsetningar fyrir næsta ár. Þær dagsetningar koma þegar leik- og grunnskólinn hittist í haust og verður fært inn í starfsáætlun á haustdögum. Skipulagðar heimsóknir eru á milli þessara leik- og grunnskóla í hverfinu.

Samstarfs milli stjórnenda þessar stofnanna var meira í ár en oft áður, leikskólastjórar voru í miklum samskiptum varðandi verkfall og veiru. Stjórnendur leikskólans og Háteigsskóla voru einnig í samvinnu í kringum Covid 19 en þar sem veiran barst á milli þessara skóla þá var ákveðin samvinna í gangi vegna þessa.

Samstarf milli Stakkaborgar og Björtuhlíðar í tengslum við vísindaverkefni sem styrkt var af B hluta þróunarsjóðs fór fram en eins og svo margt annað þá datt það starf niður nánast alveg eftir áramót vegna verkfalla og veiru.

6 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna er góð en foreldrafélag sá um jólaballið síðasta vetur og tókst það mjög vel og það var mjög góð mæting á það. Þar sem verkfall og veira setti sitt strík í skólastarfið féllu niður bæði feðra- og mæðrakaffi þennan veturinn. Foreldraviðtölin fara fram tvisvar sinnum á ári og geta foreldrar óskað eftir viðtali við deildarstjóra eða stjórnendur ef þarf þess fyrir utan. Foreldraviðtölin fóru seinna fram en til stóð vegna Covid 19 en þeim lauk í byrjun júní. Almennt hafa samskipti gengið mjög vel og fara upplýsingar um viðburði og fréttir heim í tölvupósti. Við þurftum að vera í miklum tölvupóstsendingum þetta árið vegna verkfalla og veiru, almennt virtust foreldrar sáttir við þá upplýsingagjöf.

Við höfum haft opna viku en þá geta foreldrar komið og tekið þátt í starfinu með barninu sínu. t.d farið með í íþróttir, tekið þátt í sögustund , söngstund eða verið með í frjálsum leik. Opna vikan var fyrstu vikuna í desember en féll niður eftir áramót. Mjög misjafnt hefur verið á milli ára hvað foreldrar taka mikinn þátt en alltaf gaman og gott að fá foreldra inn í leikskólann.

Í Stakkaborg eru starfandi foreldraráð og foreldrafélag. Foreldrar bjóða sig fram til starfa í þessum nefndum og hefur gengið vel að manna þessar stöður. Í foreldraráði er eitt foreldri frá hverri deild, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í upphafi skólaárs. Mikið af samskiptum fer fram í gegnum tölvupóst en einnig er fundað ca. tvisvar á ári. Helstu breytingar eru bornar undir ráðið og einnig er ráðið inn í málum sem koma upp í leikskólanum sem tengjast börnum og skipulagningu. Ráðið fær áætlanir til umsagna. Í vetur voru meiri samskipti við foreldraráð en oft áður, leikskólastjóri boðaði foreldraráð á fund í tengslum við Covid 19 þegar farið var af stað inn í þær vikur – til að gera þeim grein fyrir hvernig farið yrði eftir þeim reglum sem sóttvarnlæknir setti. Komu foreldrar í foreldraráði einnig með góðar ábendingar í tengslum við það. Foreldrar í foreldraráði fengu til yfirlestrar verkefni frá Reykjavíkurborg varðandi styttingu opnunartímans, ekki er leikskólastjóra kunnugt um hvort foreldraráð leikskólans sendi frá sér eitthvað til borgarinnar varðandi það málefni. Foreldraráð var síðan beðið um leyfi til að færa einn starfsdag fram á næsta skólaárs í stað eins dags sem átti að fara ferð leikskólans. Leikskólastjóri óskaði einnig eftir leyfi til að leikskólinn felldi niður hinn daginn – eða tæki hann utan skólatíma ef þyrfti. Foreldraráð



samþykkti þessa tilhögun og því færist einn dagur yfir á næsta skólaár í stað þessara tveggja sem nýta átti í ferðina.

Foreldrafundur verður 23. september. Kynning verður á skólastarfinu og hver deild kynnir stundaskrá og starf vetrarins. Kaffi og spjall.

Kosið er í stjórn foreldrafélagsins á aðalfundi að hausti. Tveir fulltrúar af hverri deild auk fulltrúa starfsmanna. Mikið af samskiptum félagsins er í tölvupósti en einnig eru haldnir fundir. Foreldrafélagið heldur utan um ýmsar uppákomur s.s. jólaball, sveitaferð, sumarhátíð o.fl. Í ár sinntu 6 foreldrar þessu hlutverki.

15. júní var send út könnun til foreldra um hvaða tímasetning meirihluti foreldra vildi hafa á sumarfrí skólaársins 2020-2021. Gefnir voru upp þrír kostir og könnunin send til allra foreldra sem verða með börn í námi næsta vetur. Könnunin var ekki send til þeirra foreldra sem eru með börn í flutning eða elstu barnanna sem eru að hætta í leikskólanum. Sú tímasetning sem flestir vildu var 7. júlí til 5. ágúst og því verður sú tímasetning fyrir valinu varðandi sumarfrí næsta árs.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á síðasta ári datt ferð starfsmanna til Alicante niður og það fékkst leyfi til að geyma einn starfsdag frá 2019-2020 yfir á starfsárið 2020 – 2021. Starfsdagar verða því 7 þetta árið.

Skipulagsdagar verða sem hér segir:

- 18. sept 2020
- 11. nóv 2020
- 23. feb 2021
- 23., 26. og 27. apríl (Námsferð starfsmanna)
- 10. maí 2021 – sameiginlegur skipulagsdagur allra leik- og grunnskóla Reykjavíkur - fer fram í Hörpu.

Starfsmannafundir verða 4 yfir veturinn en þeir fara fram eftir að leikskóla lokar á daginn.



8 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal 2020-2021

Fylgiskjal 3 – Árshjól Stakkaborgar

F. h. leikskólans Stakkaborgar

Jónína Einarasdóttir

Leikskólastjóri

1. júlí 2020



Starfsáætlun 2020 – 2021

Leikskólinn Stakkaborg



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bryndís Björk Arnardóttir

Sólrún Flókadóttir

Ingibjörg Hanna Björnsdóttir

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn Foreldraráðs 2020

Foreldraráð hefur kynnt sér starfsáætlun Stakkaborgar 2020- 2021. Síðasta skólaár var vægast sagt áhugavert. Á haustönn hófust breytingar á búnaði, málningarvinna og ný húsgögn í kaffistofu sem virtust gera mikið fyrir starfsandann. Fagþekking leikskólans skiptist um það bil í þrennt; leikskólakennara eða uppeldismenntun, aðra háskólamenntaða og ófaglærðra sem foreldraráði þykir góð skipting. Leikskólastjórnendur hafa hvatt starfsfólk til að sækja sér aukna þekkingu með fagnámskeiðum og leikskólaliðabréfum sem er jákvætt. Aukin fagþekking og fastur undirbúningstími starfsmanna hefur að mati foreldraráðs skilað sér í starfið m.a. með Blæ bangsa, æfingum Hugarfrelsis og vinnu með sköpun og félagsfærni. Áhugavert verður að sjá hvernig unnið verður með það að bæta við þriðja þættinum læsi úr Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Eins fagnar foreldraráð aukinni áherslu á undirbúning og samstarf deildarstjóra og þar af leiðandi aukinni samræmingu. Er það ekki síst mikilvægt til að ná að halda í stefnu leikskólans sem byggir á flæði og þar á meðal flæði á milli deilda og að börnin geti valið sér verkefni eftir áhugasviðum.

Verkfall Eflingar setti ansi mikinn svip á vorönnina þar sem til að mynda morgun- og hádegisverðurinn datt alveg út. Frekari röskun var svo mismikil eftir deildum en það var helst á yngstu og elstu deildunum sem börn fengu ýmist heilan dag, hálfan eða þurftu að vera alveg heima einhverja daga á meðan að á verkfalli stóð. Skólastjórnendur reyndu eftir fremsta megni að skipuleggja það svo að vera í leikskólanum og heima næði nokkuð jafnt yfir alla. Jafnframt lenti starfsfólk leikskólans illa í Covid-19 faraldrinum með tilheyrandi lokunum og röskun á starfi. Með hækkandi sól hefur fagstarfið farið aftur af stað en nú tímabundið í júní eru öll börn komin í stærra húsið vegna breytinga á Sjónarhóli. Foreldraráð fagnar breytingu Sjónarhóls í ungubarnadeild ásamt stærra og betra rými fyrir starfsfólk, undirbúning og úrvinnslu. Þröng starfsmannaaðstaða er talin hafa átt þátt í auknu smiti milli starfsmanna þegar faraldurinn stóð sem hæst. Áætlanir segja að breytingunum ætti að vera lokið fyrir haustið og móttöku nýrra barna sem er afskaplega nauðsynlegt.

Upplýsingaflæði í tengslum við verkfall og í kringum faraldurinn var mjög gott og mælir foreldraráð eindregið með að það haldi sér í leikskólastarfi komandi veturs (sem vonandi verður tíðindaminni en sá síðasti). Óskandi væri jafnframt tengt upplýsingaflæði að sá hluti í Völu appinu er snýr að myndum úr starfi kæmist í gagnið svo foreldrar hefðu betri innsýn inn í það sem börnin þeirra eru að gera og vinna að á leikskólanum frá degi til dags.



Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: Leikskólinn Staðkaborg

AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Opn wka	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F Skídagur	1 L Yrkisvísingunum	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M Opn wka	2 Þ	2 Þ	2 Þ	2 F Foskudagurinn brýr	2 S	2 M	2 F
3 M Félagar vesturmannanna	3 F	3 L	3 Þ	3 F Opn wka	3 M	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F Opn wka	4 M	4 F	4 F	4 S Prestadagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F Dagur sárstæðleikis	5 F	5 M Minnar fátíðni	5 M	5 L	5 M
6 F Leikskólinn opnar kl.13	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M Þriðjundin	6 L Dagur hlökkunar	6 L	6 Þ	6 F	6 S Skráningardagurinn	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 S	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ Dagur veislu	8 F	8 S Opn eittíð	8 Þ	8 M	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 Þ	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 M	10 L	10 M Skráningardagur	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M Skráningardagur	11 F	11 M	11 F	11 S	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 F	12 F	12 F	12 M Skráningardagur	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ Skráningardagur	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F Ljósmyndunardagur	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M Borðdagur	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M Dagur íslinnu	16 F	16 M Dagur þessara tynna	16 M	16 L	16 Þ Sveigjardagur	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M Óskadagur	17 M	17 L	17 M	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ	18 F Skráningardagur	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F Skráningardagur	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F Þarna - Dóldagur	20 S	20 L	20 L	20 L	20 Þ Barannarinnarhlíð	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 S Kondagur	21 S	21 M	21 M Barannarinnarhlíð	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 M Borðdagur	22 M	22 F	22 F Skráningardagur	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M Korleikenssa	23 Þ Skráningardagur	23 Þ	23 F	23 F Barannarinnarhlíð	23 S Hléisundagur	23 M	23 F
24 M Aðbyggt 1	24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðbyggt 1/2	24 M	24 M	24 L	24 L Barannarinnarhlíð	24 M Minnar fátíðni	24 F	24 L
25 Þ	25 F Dóldagur	25 S	25 M	25 F Dóldagur	25 M	25 F	25 S Barannarinnarhlíð	25 Þ	25 F	25 F	25 S
26 M Skráningardagur	26 L Eitíðskilur	26 M	26 F	26 L Minnar fátíðni	26 Þ	26 F	26 M	26 M Minnar fátíðni	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ Minnar fátíðni	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 S	28 S	28 S Páskunardagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 M	29 M	29 F	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M Opn wka	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M Aðbyggt 2	31 L			31 F Gamladagur	31 S	31 M	31 M		31 M		

Ágúst - Nóvember

Vika	Viðburðir	Deildar fundur	Annað
6. - 7. ágúst	Leikskólinn opnar kl 13		Fundur stjórnenda hefst kl 9:00 þann 6. ágúst. Börn mæta kl 13:00
10.- 14. ágúst		Katth Sjón	
17. - 21. ágúst	Elstu börn hætta 21. ágúst Aðlögun Sjónarhóll	Undra	
24. - 28. ágúst	Aðlögun Sjónarhóll / Aðlögun Undra og Kattholt hefst 25. 26. Starfsmannafun 16:30-18:30	Enginn fundur	
31.ág - 4. sept		Katth Sjón	
7. - 11. sept	8. dagur læsis	Undra	
14. - 18. sept	16. Dagur íslenskrar náttúru 18. Skipulagsdagur	Katth Sjón	Námskeið - læsi og málproski - verkfærakista fyrir leikskólann
21. - 25. sept	22. Fundur foreldrafélags 25. Dótadagur 26. Evrópski tungumáladagurinn	Undra	
28. sept - 2. okt		Katth Sjón	
5. - 9. okt	Foreldraviðtöl Kattholti	Undra	
12. - 16. okt	Foreldraviðtöl Undraland 13. Starfsmannafun 16:30-18:30	Katth Sjón	
19. - 23. okt	Foreldraviðtöl Sjónarhóll	Undra	
26. - 30. okt		Katth Sjón	Undirbúa vinaviku
2. - 6. nóv	Vinavika 8. Baráttudagur gegn einelti	Undra	
9. - 13. nóv	11. Skipulagsdagur	Katth Sjón	Hugarfrelsi - námskeið 2
16. - 20. nóv	16. Dagur íslenskrar tungu 20. Dagur mannréttinda barna/Dótadagur	Undra	
23. - 27. nóv		Katth Sjón	

Desember - Mars

Vika	Uppákomur	Deildar fundur	Annað
30.nóv. - 4. des	Opin vika - Kynna vel Piparkökumálun	Undra	
7.- 11. des		Katth Sján	
14. - 18. des		Engir fundir	
21. - 23. des	Róleg heit í leikskólanum	Engir fundir	
28. - 30. des	31. gamlársgdagur 1. janúar	Engir fundir	
4.- 8. jan	6. Prettándinn Vasaljósavika 8. Náttfatadagur	Undra	
11. - 15. jan		Katth Sján	
18.- 22. jan	22. Bóndadagur - Herrakaffi /Þorablót	Undra	
25. - 29. jan		Katth Sján	
1. - 5. feb	Stærðfræðivika 6. Dagur leikskólans 5. Dagur stærðfræðinnar	Undra	
8. - 12. feb		Katth Sján	
15. - 19. feb	15. Bolludagur 16. Sprengidagur 17. Öskudagur 19. Dömukaffi	Engir fundir	
22. - 26. feb	23. Skipulagsdagur	Deildarf. á skipul.degi	
1.- 5. mars		Undra	
8. - 12. mars	Foreldraviðtöl Undraland	Katth Sján	
15. - 19. mars	Foreldraviðtöl Sjónarhóll 18. Starfsmannafun 16:30-18:30	Undra	
22. - 26. mars	Foreldraviðtöl Kattholt	Katth Sján	



Apríl - Júlí

Vika	Uppákomur	Deildar fundur	Annað
29. - 31. apríl	DYMBILVIKA 1, apríl skírdagur 2. apríl Föstudagurinn langi	Engir fundir	
6. - 9. apríl	5. Annar í páskum	Undra	
12. - 16. apríl	12. Starfsmannafun 16:30-18:30	Katt Sjón	
19. - 23. apríl	20. Barnamenningahátíð 22. Sumardagurinn fyrsti Skipulagsd. 23. - 26. apríl	Engir fundir	
26. - 30. apríl	Skipulagsd. 27. apríl	Engir fundir	
3. - 7. maí	Vinavika	Undra	
10. - 14. maí	10. Skipulagsdagur 13. Uppstigningardagur	Katth Sjón	Stór ráðstefna 10. maí fyrir alla leik- og grunnskóla Harpan
17 - 21. maí	21. Dótadagur	Undra	
25. - 28. maí	24. Annar í hvítasunnu	Katth Sjón	
31. maí - 4. júní		Undra	
7. - 11. júní		Katth Sjón	
14. - 18. júní	17. Lýðveldisdagurinn	Undra	
21. - 25. júní		Engir fundir	
28. júní - 2. júlí		Engir fundir	1. Skil á starfsáætlun fyrir skólaári 2021-2022
5. - 8. júlí	7. júlí - 5. ágúst sumarleyfi	Engir fundir	

